

405. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 13. júní 2019 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafdís Gunnarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Steinunn Guðný Einarsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, Skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnafulltrúi fyrir grunnskólamála: Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, fulltrúi skólastjórnenda.

Áheyrnafulltrúar fyrir leikskólamála: Helga Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi leikskólastjórnenda og Catherine Chambers, fulltrúi foreldra leikskólabarna.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar 2019 - 2019060011

Lagðar fram skýrslur og áætlanir frá Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar.

Lagt fram til kynningar.

3. Tónlistarskóli Ísafjarðar 2019 - 2019060028

Lögð fram skýrsla Tónlistaskóla Ísafjarðar og beiðni um aukin stöðugildi við skólann.

Fræðslunefnd þakkar fyrir upplýsingarnar og vísar beiðninni um aukið stöðugildi til bæjarráðs til afgreiðslu.

4. Skóladagatöl 2019-2020 - 2019030033

Lagt fram skóladagatal fyrir grunnskólann á Þingeyri fyrir skólaárið 2019-2020.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við skóladagatalið.

5. Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn - 2019050095

Lögð fram drög að viðbragðsáætlun fyrir grunnskólana í Ísafjarðarbæ við ófullnægjandi skólasókn.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við áætlunina en leggur áherslu á að hún

verði kynnt foreldrum á jákvæðan hátt.

6. Niðurstöður á högum og líðan barna í Ísafjarðarbæ 2019 - 2019050006

Kynntar niðurstöður á högum og líðan barna í 5. - 7. bekk í grunnskólaum Ísafjarðarbæjar.

Kynnt.

7. Skólapúlsinn, helstu niðurstöður 2017-2019 - 2017060041

Kynnt minnisblað Margrétar Halldórsdóttur er varðar niðurstöður Skólapúlssins skólaárið 2018-2019.

Kynnt og starfsmönnum falið að vinna áfram með málið.

8. Verklag vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir stofnanir sem starfa með börnum - 2019050055

Lagt fram bréf Bergsteins Jónssonar, framkvæmdastjóra UNICEF á Íslandi, dagsett 22. maí sl., þar sem sveitarfélög eru hvött til að setja sér heildstætt og samræmt verklag, vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu, fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1063. fundi sínum 27. maí sl. og vísaði því til fræðslunefndar og barnaverndarnefndar.

Fræðunefnd þakkar fyrir bréfið og felur starfsmönnum að vinna áfram með málið í samstarfi við velferðarsvið.

9. Skóladagatöl skólaárið 2019-2020 - 2019040008

Lögð fram skóladagatöl fyrir leikskólann Tjarnarbæ á Suðureyri og leikskólann Laufás á Þingeyri fyrir skólaárið 2019-2020.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við skóladagatölin.

10. Málefni leikskóla haust 2018 - 2018080029

Kynnt minnisblað Margrétar Halldórsdóttur sviðsstjóra skólasviðs og Guðrúnar Birgisdóttur skóla- og sérkennsluráðgjafa er varðar kostnaðargreiningu á tillögum starfshóps um málefni leikskóla. Fræðslunefnd kallaði eftir þeim upplýsingum á 404. fundi sínum þann 9. maí 2019. En meginhlutverk hópsins var að skoða starfsumhverfið í leikskólum Ísafjarðarbæjar. Lagt fram minnisblað Margrétar Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs er varðar framtíðarsýn á fjölda barna í leik- og grunnskólaum Ísafjarðarbæjar.

Lagt fram til kynningar og er tillögum starfshópsins vísað áfram til fjárhagsáætlunargerðar 2020 og jafnframt leggur fræðslunefnd til við bæjarstjórn að breytingar verði gerðar á leikskólalíkani í samræmi við tillögur starfshóps þar sem 2 ára börn teljast 2 barngildi, en eru í dag samkvæmt leikskólalíkani 1.6 barngildi.

11. Reglur fyrir veitingu starfsleyfis til daggæslu. - 2019050020

Lögð fram drög að reglum er varða veitingu starfsleyfa til daggæslu í heimahúsum í Ísafjarðarbæ.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir og samþykkir reglurnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:20

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Margrét Halldórsdóttir

Guðrún Birgisdóttir